

Sp.

108. Tillaga til þingsályktunar

[104. mál]

um fjármögnun krabbameinslækningadeildar.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Stefán Benediktsson, Guðrún Agnarsdóttir,
Guðrún Helgadóttir, Kjartan Jóhannsson, Guðmundur Einarsson,
Helgi Seljan, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að stofna til þjóðarátaks til að fullgera megi krabbameinslækningadeild á Landspítalalóð á næstu 3 til 4 árum.

Fjár verði aflað með eftirfarandi hætti:

- Gefinn verði út sérstakur skuldabréfaflokkur að upphæð a. m. k. 125 milljónir króna til 6 ára með verðtryggðum kjörum og á vöxtum sem Seðlabankinn ákveður. Skuldabréfin skulu undanþegin skattskyldu.
- Ríkissjóður leggi til árlega þá fjárhæð sem á vantar til að ljúka megi krabbameinslækningadeildinni á næstu 3 til 4 árum.

Ríkissjóður skal þegar í upphafi leggja fram það fjármagn sem þarf til að örva sölu skuldabréfa með skipulegri upplýsingamiðlun í fjölmiðlum um nauðsyn þess þjóðarátaks sem til er stofnað. Upplýsingar þessar skulu unnar í samráði við lækna ráð Landspítalans.

Greinargerð.

Markmið þeirrar tillögu sem hér er flutt felur í sér að stofnað verði til þjóðarátaks til að fullgera krabbameinslækningadeild sem fyrirhugað er að byggja á Landspítalalóð.

Pótt fimm ár séu nú liðin síðan undirbúningur hófst að uppbyggingu krabbameinslækningadeildar á Landspítalalóð þá hefur framkvæmdum ekkert miðað vegna fjárskorts.

Á fjárlögum yfirstandandi árs voru veittar 12 milljónir króna en með því fé hefði verið unnt að láta fara fram útboð og hefja jarðvegsframkvæmdir en stefnt var að því að ljúka þeim á þessu ári. Leyfi til að hefja framkvæmdir hefur hins vegar ekki fengist og í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1985 er ekki gert ráð fyrir neinu fé til framkvæmda.

Það er skoðun flm. þessarar tillögu að óverjandi sé með öllu að frekari dráttur verði á að hefja framkvæmdir og fullgera krabbameinslækningadeildina. Því er í þessari tillögu lagt til að farin verði sú leið að afla fjár með því að gefa út sérstakan skuldabréfaflokk að upphæð a. m. k. 125 milljónir króna til 6 ára með verðtryggðum kjörum og á vöxtum sem Seðlabankinn ákveður. Ríkissjóður leggi síðan til árlega þá fjárhæð, sem á vantar, til að ljúka megi krabbameinslækningadeild á næstu þremur til fjórum árum.

Í greinargerð stjórnar lækna ráðs Landspítalans frá því í nóvember 1983 kemur fram að á undanförunum sex árum hefur verið farið fram á kaup á nauðsynlegum geislameðferðartækjum, línuhraðli, í stað kóbalttækis Landspítalans sem er orðið úrelt og svarar ekki lengur kröfum tímans sem eina háorkumeðferðartæki landsins. Línuhraðlar þurfa mjög miklar geislavarnir en ekkert húsnæði á Landspítalalóð uppfyllir nú geislavarnarkröfur fyrir slíkt tæki.

Í greinargerð læknaáráðsins kemur einnig fram að ef ekki verður leyst úr vanda deildarinnar sé fyrirsjáanlegt að geislameðferð muni falla niður vegna úreltrar aðstöðu. Margir krabbameinssjúklingar, sem sl. ár hafa notað geislameðferðar á þessari deild Landspítalans, verða þá tilneyddir til að leita lækninga erlendis.

Á sl. þingi voru þessi mál nokkuð til umræðu en þar kom fram að árunum 1979 til 1983 hafi þurft að senda utan 144 sjúklinga til krabbameinlækninga vegna aðstöðuleysis hérlandis. Einnig var upplýst að í geislameðferð komu 289 sjúklingar á árinu 1983 og talið var að um helmingur eða tveir þriðju þeirra þyrftu á geislameðferð í línuhraðli að halda sem enn er ekki fyrir hendi hér á landi.

Ef gripið verður til þess ráðs á næstu 2—3 árum að senda þessa sjúklinga utan til krabbameinlækninga mun það hafa geysilegan kostnað í för með sér. Til marks um það má geta þess að heilbrigðisráðherra upplýsti á Alþingi sl. vetur að frá 1. jan. 1983 til 28. nóv. 1983, eða á 11 mánaða tímabili, hefðu 14 sjúklingar farið utan til lækninga og hefði kostnaðurinn numið 5 milljónum 585 þúsund kr. eða tæplega 400 þúsund króna kostnaður á hvern sjúkling. Ef helmingur þeirra sjúklinga, sem þarf á sérstakri geislameðferð að halda, væri sendur til útlanda til krabbameinlækninga þá þýðir það, miðað við ofangreinda forsendu, 57—58 milljónir króna árlega.

Þessar tölur sýna glögglega hve brýnt það er að hraða öllum framkvæmdum til að fullgera megi krabbameinlækningadeildina sem ekki aðeins hefur sparnað í för með sér þegar til lengri tíma er litið heldur og gerir kleift að veita krabbameinssjúklingum þá lífsnauðsynlegu þjónustu hér á landi sem þeir þurfa.

Það er ljóst að Íslendingar eru orðnir langt á eftir nágrannaþjóðum sínum í tækjabúnaði og allri aðstöðu til krabbameinlækninga. Nágrannaþjóðir okkar hafa til að mynda fyrir löngu tekið upp svonefndan línuhraðal sem er lífsnauðsynlegt tæki við nútímageislalækningar. Í Kaupmannahöfn einni saman eru nú 7 slík tæki í notkun. Ekkert húsnæði hér á landi uppfyllir nú þær geislavarnarkröfur sem gerðar eru fyrir slík tæki. Ekki er því unnt að veita krabbameinssjúklingum hér á landi sambærilega meðferð við það sem gerist annars staðar og skortur á aðstöðu hérlandis hindrar að unnt sé að nýta til fulls framfarir í meðferð á krabbameinssjúklingum.

Af því sem hér hefur verið rakið má ljóst vera að mjög brýnt er orðið að leitað sé allra leiða til að fullgera megi krabbameinlækningadeildina á sem skemmstum tíma. Ef ekkert fjármagn verður veitt til framkvæmda á næsta ári er einsýnt að verulegur dráttur verður á að þær hefjist.

Krabbameinlækningadeildin, sem í tillögunni er gert ráð fyrir að ljúka megi á næstu 3—4 árum eða jafnvel fyrir með þeirri leið sem hér er lögð til um fjármögnun, er brýnt forgangsverkefni á sviði heilbrigðisþjónustu hér á landi. Það er skoðun flutningsmanna tillögunnar að þessi leið muni stuðla að því fyrir en ella að hægt verði að taka krabbameinlækningadeildina í notkun þannig að nútímaleg meðferð í geislalækningum geti hafist hér á landi.